

Fornleifar milli Skerseyrar og Langeyrar

Fornleifaskráning í Hafnarfirði II.

Hildur Gestsdóttir og Sædís Gunnarsdóttir

Fornleifastofnun Íslands

FS063-98131

Efnisyfirlit

EFNISYFIRLIT	2
INNGANGUR	3
UM VERNDUN OG SKRÁNINGU FORNLEIFA	3
FORNLEIFAR Í HAFNARFIRÐI MILLI SKERSEYRAR OG LANGEYRAR.....	5
SKRÁ UM FORNLEIFAR MILLI SKERSEYRAR OG LANGEYRAR.....	6
<i>GK-180 Langeyri</i>	7
<i>GK-185 Garðar</i>	15
SAMANTEKT	22
HEIMILDASKRÁ	23

Uppdrættir

KORT 1. YFIRLITSKORT AF MINJASTÖÐUM.....	24
--	----

Reykjavík 1998

Inngangur

Árið 1998 var hafist handa við heildarskráningu fornleifa í landi Hafnarfjarðarbæjar. Í fyrsta áfanga var gerð svæðisskráning fyrir allt svæðið og voru þá skráðar upplýsingar um 1204 minjastaði. Vegna fyrirhugaðrar skipulagsvinnu var ákveðið að hefjast strax handa við aðalskráningu (vettvangsvinnu) í norðvesturhorni bæjarlandsins, svæði sem afmarkast af Flókagötu og Hjallabraut, Skjólvangi að norðan, bæjarmótum við Garðabæ að vestan og sjó að sunnan. Fjallar þessi skýrsla um niðurstöður þeirrar könnunar. Sædís Gunnarsdóttir hefur safnað heimildum um fornleifar í Hafnarfirði og liggur sú skrá til grundvallar vettvangsvinnu sem gerð var af Hildi Gestsdóttur.

Í skýrslum Fornleifastofnunar um fornleifaskráningu er jafnan greint frá löggjöf um fornleifar jafnt sem aðferðum við skráningu minja. Svo er einnig í upphafi þessarar skýrslu og munu lesendur því ekki þurfa að leita lengra til að öðlast yfirlit yfir helstu þætti þessa málaflokks.

Um verndun og skráningu fornleifa

Er ný þjóðminjalög tóku gildi 1.janúar 1990 varð fornleifaskráning ein af forsendum skipulagsvinnu. Nú er skyld að fornleifar séu skráðar á skipulagsskyldum svæðum áður en gengið er frá skipulagi eða endurskoðun þess. Tilgangur laganna er að tryggja varðveislu menningarsögulegra minja, þar á meðal fornleifa, sem eru skilgreindar sem hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja 100 ára og eldri, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á. Allar fornleifar eru friðhelgar, óháð sérstakri friðlýsingu, og er óheimilt að raska við þeim án leyfis fornleifaneftnar. Þetta gildir hvort sem minjar eru sjáanlegar á yfirborði eða ekki. Stöðva þarf framkvæmdir ef fornleifar koma í ljós við jarðrask og tilkynna það þjóðminjasafni. Ef talið er að rannsaka þurfi fornleifar sem eru í hættu vegna framkvæmda á borð við vegagerð, virkjanagerð og veitulagnir skal sá sem fyrir þeim stendur bera kostnað af rannsóknunum. Nýleg dæmi eru um verulegar tafir á framkvæmdum sem og þungan kostnaðarauka, þegar fornleifar

hafa komið í ljós við jarðrask. Með nákvæmri fornleifaskráningu er hægt að minnka líkurnar á sliku og augljóst að hér fara hagsmunir þeirra sem standa að framkvæmdum saman við stefnumál minjavörslunnar.

Í 16. grein þjóðminjalaga er þessi skilgreining á því hvað eru fornleifar og er hún lögð til grundvallar við skráningu fornleifa:

Til fornleifa teljast hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

- a. byggðaleifar, bojarstœði og bœjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bœnahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablöestri;
- c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
- d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
- e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
- f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum;
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið;
- i. skipsflök eða hlutar úr þeim.

Að jafnaði skal telja minjar 100 ára og eldri til fornleifa

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirkir heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari víðu skilgreiningu er fylgt í skráningu fornleifa og í anda hennar eru einnig skráðir staðir eins og orrustustaðir, skilgreinanlegir staðir þar sem atburðir, sem tengjast sögu og bókmenntum Íslands, hafa átt sér stað og staðir þar sem draugar hafa átt að hafa búið. Um tímamörkin er það að segja að öll mannvirkir sem vitað er að séu eldri en 100 ára eru skilyrðislaust skráð en einnig eru yngri minjar skráðar ef ástæða er til. Þar á meðal eru allar byggingar úr torfi og grjóti sem og önnur mannvirkir sem eru vitni um horfið verklag eða tækni. Þar með geta talist elstu steypubyggingar, byggingar úr blönduðu efni (torf, grjót, timbur, steypa, bárujárn) og mannvirkir eins og

heimarafstöðvar, sundlaugar, upphlaðnir vegir frá því fyrir jarðýtuöld, fiskplön, áveisuskurðir og hverskyns minjar aðrar sem tengjast umbreytingum í atvinnuvegum og lífsafkomu á fyrri hluta 20. aldar. Minjar sem tengjast seinni heimstyrjöldinni, veru setuliðsins og framkvæmdum á vegum þess (vegir, flugvellir, braggahverfi, skotgrafir o.s.fr.v) eru einnig skráðar.

Fornleifar í Hafnarfirði milli Skerseyrar og Langeyrar

Svæði það sem hér er birt skýrsla um er í útjaðri Hafnarfjarðarkaupstaðar, á mörkum landbúnaðarhverfisins í kringum Garða og kaupstaðarins sem breiddist út frá botni fjarðarins frá því seint á 17. öld. Stærsti hluti svæðisins er úfið en þó víða gróið hraun og eru mannvistarleifar fyrst og fremst meðfram sjónum. Landið tilheyrði upphaflega Görðum en ekki er vitað um búsetu á því fyrr en undir lok 17. aldar að býli var reist á Skerseyri. 1703 er auk þess getið um einar sjö þurrabúðir á svæðinu sem virðast hafa verið í óstöðugri byggð og virðist sem þær hafi alla verið byggðar eftir 1650 (JÁM X, 178). Vitað er að 1670 voru allar þurrabúðir norðan við Hafnarfjarðarkaupstað í eyði (SS Saga Hafnarfjarðar, 192). Vera má að útræði frá þessum stað með tilheyrandi kotbúskap hafi ekki hafist að marki fyrr en kaupstaðurinn var fluttur frá Hvaleyri inn í fjörðinn eftir 1667. Frá þeim tíma virðist þó sennilegt að búskapur hafi verið af og til á stöðum eins og Brúsastöðum, Eyrarhrauni og Langeyri. Þessi bæjarstæði gætu því verið allfornar þurrabúðir þó ekki hafi ritheimildir varðveisit um það. Þurrabúð hafði verið á Langeyri um langt skeið er verslunarhús voru reist þar 1776. Föst verslun mun þó ekki hafa verið rekin þar eftir 1793 en á 19. öld risu kotbýli á svæðinu auk Skerseyrar og Langeyrar: Gönguhóll, Eyrarhraun og Brúsastaðir. Hvalstöð virðist hafa verið reist á Rauðsnefni um 1860 en starfaði ekki lengi. Um aldamótin 1900 voru risin fiskverkunarhús á Fiskakletti og í kjölfarið byggðist upp fiskverkunarðastaða á Langeyrarmölum og allmargir fiskreitir voru gerði í hrauninu ofanvið á fyrstu árum 20. aldar. Þetta svæði hefur þó lengstaf verið á jaðri bæjarins og fyrir utan Langeyrarmalir hafa helstu umsvif þar á 20. öld tengst búskap í smáum stíl, en langt fram eftir þessai öld áttu margir bæjarbúar nokkrar kindur í kofum í útjöðrum bæjarins. Íbúðabyggð hefur ekki orðið á skráningarsvæðinu nema á

hrauninu norðaustantil (við Sævang) en þar hefur verið lítið um eldri mannvirkjaleifar. Engu að síður hefur verið tölvert rask á svæðinu, tengt ýmisskonar framkvæmdum síðustu áratugi og er sáralítið eftir af fornnum mannvirkjum þar. Einkenni fyrir svæði eru grjóthleðslur frá ýmsum tíum, sem finna má mjög viða, og er oft ógerlegt að segja hvort þær eru fornar eða aðeins nokkurra ára gamlar.

Skráning á minjum byggir á prentuðum og óprentuðum heimildum sem og vettvangsvinnu. Vettvangsvinna er fólgin í viðtöllum við ábúendur og minjaleit á vettvangi. Að þessu sinni var skráningin unnin án munnlegra heimilda, enda er langt síðan hefbundum búskap lauk á skráningarsvæðinu. Upplýsingar um minjastaði eru fengnar úr rituðum heimildum, einkum gömlum kortum, örnefnaskrám og skjölum prentuðum í Sögu Hafnarfjarðar.

Skrá um fornleifar milli Skerseyrar og Langeyrar

Hér er birt skrá yfir minjar í Hafnarfirði milli Skerseyrar og Langeyrar. Skráin byggir á skráningarkerfi Fornleifastofnunar, en þar hefur hver sýsla skammstafað heiti og hver jörð hefur númer. Þá er hverri fornleif gefið númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: GK-180:001) og er þannig búin til kennitala minjastaðar. Skráin er um fornleifar sem fundist hafa heimildir um og/eða sjást enn á yfirborði. Á eftir kennitölu minjastaðar kemur heiti hans, ef um það er að ræða, og hnattstaða í gráðum og mínútum. Mæling hnattstöðu var gerð með staðsetningartækjum og mælt í miðju hvers minjastaðar. Áætlað frávik frá miðju er um 25 metrar að meðaltali. Þar sem getur um “heimild um...” t.d. úтиhús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn, en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þó engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirliggjandi gagna með um 50 metra fráviki. Lýsingu á hverjum minjastað fylgir leiðarvísir á staðinn, mat á þeirri hættu sem fornleifar eru taldar vera í og skilgreining á hættuorsök. Síðast eru þær heimildir sem notaðar voru skráðar, oft með skammstöfun, en upplýsingar um hverja heimild er að finna í Heimildarskrá aftast í skýrslunni.

Landsvæði það sem skráð var 1998 tilheyrði upphaflega alltsaman Görðum en 1847 er jarðatal Johnsens var tekið saman var jörðin Langeyri einnig talin með og fær hún því sérstaka kennitölu. Langeyri virðist aldrei hafa haft ákveðin landamerki eins og titt var um hjáleigur heldur aðeins skilgreind afnot af túni og engjum og lendingaraðstöðu en hér hefur svæðið austan Herjólfssbrautar og vestan Fiskakletts verið skilgreint sem Langeyraraland en svæðið vestan við sem land Garða.

GK-180 Langeyri

Hjáleiga frá Görðum. Garðakirkjueign. "Langeyri var fyrrum þurrabúð, en á síðara hluta 18. aldar og fyrri hluta 19. aldar var rekin þar verslun ..." SS: Saga Hafnarfjarðar, 408. Í jaraðbókum 1760 og 1802 er getið um smábýlin Langeyri, Bala og Skerseyri en 1842 er í skýrslu sóknarprests aðeins getið um Langeyri. Það er hinsvegar ekki nefnt í skýrslu sýslumanns frá sama tíma - JJ, 92. Langeyri hefur verið í hvað stöðugastri byggð af býlum á þessu svæði frá 18. öld og fram á þá 20. 1802 voru þar 2 ábúendur sem bádir hlutu fátækrastryrk úr konungssjóð – SS Saga Hafnarfjarðar, 248. 1816 var aðeins ein fjölskylda á Langeyri en 1845 var þar aftur komið tvíbýli. "Langeyri var stundum nefnd Skóbót, en það gæti verið afbökun eða stytting úr nafninu Skómakarahús, sem rekur lestina t.d. í bæjatali í Hafnarfirði [frá um 1805, en þar kemur Skómakarahús á eftir Gönguhóli]." - MS: Bær í byrjun aldar, 114. Í manntali frá 1845 er Skóbót þó talin næst á eftir Langeyri (sunnan við) þannig að ekki virðist það geta staðist að um sama býli hafi verið að ræða. Eftir aldamótin 1900 óx athafnasvæði í kringum Fiskaklett í átt að Langeyri og létt Águst Flygenring reisa fiskverkunarstöð á Langeyrarmöllum árið 1902. Hún var keypt af hlutafélaginu Höfrungi 1920 og stækkuð og þá voru einnig gerðir þar fiskreitir - SS Saga Hafnarfjarðar, 515. Seinna átti Lýsi og Mjöl þessi hús. Þessi mannvirki eru horfin nú en þau hafa skemmt eldri mannvirki að meira eða minna leyti.

Býlið var innan lögsagnarumdæmis Hafnarfjarðar frá því að kaupstaðurinn var stofnaður 1907 en bærinn keypti landið af Garðastað með heimild Alþingis, lögum nr. 13, 22.10.1912.

GK-180:001 *Langeyri* býli

64°04.467 N 021°58.364 V

“Langeyri var ævaorn hjáleiga frá Görðum með túni”

Á bæjarstæðinu stendur steinhús merkt “Langeyri 1904” og er það númer 30 við Herjólfsgötu. Húsið stendur í lægð í hrauninu. Ekki er að sjá neinar leifar eldri mannvirkja. Umhverfis húsið er grasi gróin garður. Framan við húsið hefur garðurinn verið niðurgrafin að hluta til, og þar hefur verið plantað trjám.

Hættumat: Hætta vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Álfstaneshreppur, 125

GK-180:002 *7 þurrabúðir*

Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín sem tekin var saman fyrir Garðahrepp árið 1703 er sagt að eftiralin tómthús standi út með Hafnarfirði í Garðastaðarlandi:

“Eysteinshús eður Geirahús. Þingvallnabúð. Stígshús eður Jodísar hús. Illugabúð eður Langeyararbúð. Ofanmannabúð. Laugardælabúð. Þessar búðir eru sumar 50 ára gamlar, sumar ýngri, sumar fárra ára. Hefur staðarhaldarinn þær í þeim góðu fiskiárum burt leigt, sumar aðkomandi mönnum með skipsuppsátri fyrir v aura undirgift og sumar tómthúsmönnum fyrir x álna leigu og mannlán. Í sumar lögðust inn skipshafnir, sem eru á staðarhaldarans bátum, er þar við búðirnar uppsáttur höfðu, og fjekk þá tómthúsmaðurinn soðningarkaupið. Þessar grasleysubúðir eru nú síðan fiskiríið minkaði sumpart öldúngiss niðurfallnar, sumar hánga uppi enn nú íbúðar og leigulausar á fallanda fæti, ef fiskiríið ei aftur að legst.” JÁM X, 178

Ekki er vitað hvar þessar þurrabúðir hafa verið að öðru leyti en því að þær hafa verið milli kaupstaðarlóðarinnar (þ.e. norðan við Fiskaklett) og Skerseyrar sem næst er talin af hjáleigum Garða. Langeyararbúð hlýtur að hafa verið nálægt Langeyri eða jafnvel á því bæjarstæði því býlisins er ekki getið í jarðabókinni. Líklegt er að einhverjar hinna hafi verið á bæjarstæðum sem seinna eru þekkt undir öðrum nöfnum, s.s. Gönguhóll,

Flatir og Brúsastaðir en ekkert verður þó um það fullyrt.

Heimild: JÁM X, 178.

GK-180:003

verslunarhús

64°.04.467 N 021°58.364 V

Á árabilinu 1774-1787 var rekin hér við land konungleg þilskipaútgerð, m.a. í því augnamiði að kenna Íslendingum fiskveiðar. Bækistöðvar þessarar útgerðar voru í Hafnarfirði og þar “var fiskurinn verkaður, og þar voru reist geymsluhús og íbúðarhús handa verkafólki. Bauð Thodal stiftamtmaður Guðmundi sýslumanni Runólfssyni með bréfi, dagsettu 5. júní 1776, að út sjá hentuga staði til þessara húsbygginga og tjáði honum í því sambandi, að hin konunglega tollstofa hefði tilkynnt sér, að vegna húkkorta og jaktfiskveiða í Hafnarfirði þyrfti að reisa þar tvö ný hús, annað á Hvaleyri til vetrarbústaðar stýrimönnum og hásetum á jöktunum, en hitt á Langeyri handa eftirlegumönnum. Óskaði stiftamtmaður eftir því, að sýslumaður veldi hentugar lóðir undir þessi hús ... Á uppdrætti af firðinum, sem gerður var um þessar mundir, sjást ... verzlunarhúsið á Langeyri ... aðalsaltfiskverkunin fór fram á Langeyri, norðan fjarðarins.”
Þetta hús er merkt sem verslunarhús á uppdrætti af Hafnarfirði frá um 1778. Það var reist á kostnað konungs en selt ásamt öðrum eignum hans í Hafnarfirði á uppboði 31.7.1792 og keyti það Dyrkjær skipstjóri fyrir 17 rd. og 4 sk. (SS Saga Hafnarfjarðar, 249) en hann hafði áður verið leigjandi í húsinu. 28.5.1793 skipaði danska rentukammerið Jochum Brinck Lund að hætta verslun á Langeyri frá næsta hausti og 8.6.1793 var Kyhn kaupmanni, sem rekið hafði lausaverslun og fiskverkunarstöð á Langeyri bannað að halda þeirri starfsemi áfram (SS Saga Hafnarfjarðar, 252). Þessar aðgerðir voru til stuðnings fastakaupmanni í Hafnarfirði og virðist ekki hafa verið verslað á Langeyri eftir þette. Þó leyfði stiftamtmaður O.P. Möller kaupmanni í reykjavík að reka útibú á Langeyri sumarið 1832. Rentukammerið hafnaði þessu hinsvegar og varð Möller að hætta verslun sinni 1833 (SS Saga Hafnarfjarðar, 244).

Ekki er vitað nákvæmlega hvar þetta hús stóð nema að það mun hafa staðið í grennd við þurðina Langeyri. Ekki er að sjá neinar húsaleifar á því svæði enda hefur þar verið ýmiskonar rask undanliðnar tvær aldir. Fiskverkunin hefur verið á sama svæði skammt frá fjörunni.

Hættumat: Hætta vegna ábúðar.

Heimildir: SS: Saga Hafnarfjarðar, 225-226.

GK-180:004

túngarður

64°04.467 N 021°58.364 V

“Langeyrartúngegarðar: Lágu umhverfis túnið. Að mestu horfnir.” segir í örnefnalýsingu. Garðar þessir eru horfnir. Þar sem núverandi garður í kringum húsið Langeyri er afmarkaður af hrauninu virðist sem Langeyrartún hafi ekki getað verið stærri nema til suðurs, þar sem Herjólfsgata liggur nú.

Hættumat: Hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Ö-Hafnarfjörður, 125

GK-180:005 Langeyrarbryrgi

fiskbyrgi


64°04.539 N 021°58.297 V

“Fyrrum voru allmikil fiskibryrgi á hraunhólum þarna.” segir í örnefnalýsingu.

Tvö fiskibryrgi sjást enn um 20m SA við 185:015. Þau eru í halla í hrauninu. Ofar er lítil tóft (3x2m) með tveim rekaviðar-drumbum þvert yfir tóftina og netaleifum. Neðan við hana er stærri og ógreinilegri tóft (11x11m), skipt í hólf. Allt hlaðið úr hraungrýti, neðri tóftin að miklu leyti grasigróin.

Hættumat: Hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Ö-Hafnarfjörður,
125.



GK-180:006 *Langeyrarbrunnur* brunnur 64°04.525 N 021°58.335 V

brunnur

64°04.525 N 021°58.335 V

“Langeyrarbrunnur. Hann var neðst í túninu. Aðeins vatn á fjöru.” segir í örnefnalýsingu.

Brunnur þessi er nú horfinn. Hann hefur annaðhvort lent undir Herjólfsgötu eða er horfinn fyrir raski neðan við hana.

Hættumat: Hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Ö-Hafnarfjörður, 125.

GK-180:007 *Brunnstígur* leið 64°04.531 N 021°58.287 V

leið

64°04.531 N 021°58.287 V

“Brunnstígur: Lá frá Brunninum heim að Langeyrarbæ.” segir í örnefnalýsingu.

Stígur þessi er horfinn eins og brunnurinn, hefur lent undir Herjólfsgötu og öðrum byggingum milli Langeyrar og fjörunnar.

Hættumat: Hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Ö-Hafnarfjörður, 125.

GK-180:008 *Langeyrarstígur* leið 64°04.441 N 021°58.164 V

leið

64°04.441 N 021°58.164 V

“[Langeyrarstígur] lá úr Langeyrartúni, austur og upp hraunið eftir lægð í því upp á bala vestan við Víðastaði á Garðaveginn. Verslunarvegur er verslun var á Langeyri.” segir í örnefnalýsingu.

Þessi gata sést enn að hluta frá enda Drangagötu og til austurs. Þar tvískiptist hún, liggur annarsvegar til norðurs og endar þar við enda Klettagötu, og hinsvegar til norðurs og endar þar aftan við Herjólfsgötu 18. Gatan liggur yfir hraunið og er að hluta til upphlaðinn vegur. Ef það er rétt að gata þessi séð frá þeim tíma er verslað var á Langeyri þá er hún frá 18. öld.

Hættumat: Hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Ö-Hafnarfjörður, 126.

GK-180:009 *Draugaklif* örnefni 64°04.446 N 021°58.358 V

“Vestur af Melunum er Gatklettur. Nú hrunninn að mestu, var allhár áður fyrr, og vestan

við hann er bás, sem nefndur er Bás. Þetta er djúpt malarvik. Þar aðeins vestar var einstigi með sjónum, sem var nokkuð tæpt, og var það nefnr Draugaklif.” segir í örnefnalýsingu Hafnarfjarðar eftir Ara Gíslason en í örnefnaskrá fyrir Álfstaneshrepp segir að Gatklettur hafi verið fallinn saman 1929 og hafi verið “fram frá Sundhöllinni vestanverðri. Dregaklif. Sigurgeir Gíslason segir að þetta nafn muni hafa verið réttara. Þarna strandaði skip og kjölurinn - dregarinn - lá þarna lengi eftir í fjörunni.”

Einstigið er horfið enda liggur Herjólfsgata tæpt með sjónum á þessum stað og hlaðinn kantur sjávarmegin við hana. Ekki er vitað við hvaða draugagang klifið var kennt.

Hættumat: Hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Ö-Hafnarfjörður AG, 5; Ö-Álfstaneshreppur, 124.

GK-180:012 Gönguhóll bústaður 64°04.507 N 021°58.378 V
Gönguhóll eða Sönhóll var klapparrani kallaður sem gekk fram í sjó framan við Langeyrarbæ. “Bær stóð þarna vestan undir, lóðin kölluð svo” segir í örnefnalýsingu. Þar er einnig bætt við að Lifrarbræðslustöð hafi verið sett á bæjarrústunum 1903 en byggð mun hafa lagst af í Gönguhóli skkömmu fyrir 1902. Þá var einnig bryggja byggð niður frá þessum stað og stóð neðsti hluti hennar enn 1964. Litlar heimildir eru um byggð við Gönguhól en býlið er nefnt í bæjatali úr Hafnarfirði frá 1805 milli Fiskakletts og Skómakarahúss, sem mun vera sama og Langeyri. Ekki er óhugsandi að Gönguhóll sé sama býli og Hraunbrekka sem getið er um í sóknarlýsingu frá 1842, sem næsta býlis austan við Langeyri – SSGK, 206. Gönguhóls er ekki getið í manntöllum frá 19. öld en í manntali frá 1845 er Skóbót með tveimur fjögurra manna fkjölskyldum talin næst á eftir Langeyri og má vera að um sama býli sé að ræða.

Gönguhóll var nálægt því sem nú er Herjólfsgata 24. Allar minjar eru horfnar á þessum stað. Þarna standa nú hús á öllum lóðum og sker Drangagata það svæði þar sem líklegt er að túnið hafi verið.

Hættumat: Hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Ö-Álfstaneshreppur, 124-5. MS: Bær í byrjun aldar, 114.


GK-180:013

tóft

64°04.462 N 021°58.262 V

Um 20m norðan við núverandi íbúðarhús á Langeyri er tóft sem að hluta til er byggð inn í hraunhlól og nýtir að hluta til náttúrulegar klappir. Hlaðin eingöngu úr grjóti.

Hættumat: Hætta vegna ábúðar.



GK-180:014 Markvarða F

landamerki

64°04.504 N 021°58.573 V

Markavarða F “stóð sunnan Eyrarhrauntúns.” segir í örnefnalýsingu. Þessi varða er nú horfin, sennilega undir Herjólfsgötu.

Hættumat: Hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Ö-Hafnarfjörður, 127.

GK-180:015 Flatir/Eyrarhraun

býli

64°04.560 N 021°58.294 V

Í sóknarlýsingu frá 1842 er getið um býlið Flatir milli Langeyrar og Litlu-Langeyrar.

SSGK, 206. “Flatirnar: Sléttar flatir innan við Malarkambinn fyrir Mölunum miðjum.

Þarna var býli, þurrabúð, hér óx brennineta. Eyrarhraunstún: Svo voru Flatirnar kallað[ar] eftir nafnbreytinguna á þessari þurrabúð. Eyrarhraunstúnarður: Garður er lá innan við Malarkampinn og var á hlið og stétt heim að Flötunum og Mýrarhrauni.

Flatarstéttin: Stétt frá túngarðshliði heim [að] bænum Á klöpp. Flatagarðshlið: Hlið

túngarðsins kallað svo.” segir í örnefnalýsingu. Flata eða Eyrarhrauns er ekki getið í manntöluum 1801, 1816 eða 1845.

Nú stendur steinhúsið Eyrarhraun, sem að hluta til er grafið inn í hólinn, á hæð í hrauninu, um 200m frá sjó, 50m norðaustur af Eyrartjörn. Þar er einnig grunnur úr bragga. Ekki er að sjá neinar leifar eldri mannvirkja.

Hættumat: Hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Ö-Hafnarfjörður, 125.

GK-180:016 Tjarnarbryggja Bryggja 64°04.585 N 021°58.382 V

“Tjarnarbryggjan: Bryggja að Steinboga yfir Eyrarhraunstjörn.” segir í örnefnalýsingu.

Vestan við Eyrartjörn eru leifar af sementsstöpli með járna- og grjóthrúgu ,sem gætu verið leifar Tjarnarbryggju.

Hættumat: Hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Ö-Hafnarfjörður, 125.

GK-180:017 Dísureitur fiskireitur 64°04.602 N 021°58.323 V

“Fiskireitur ofan Eyrarhraunstjarnar. Tók tvo stakka.” segir í örnefnalýsingu. Kenndur við Herdísi Hannesdóttur.

Norðaustan við Eyrartjörn er hrauntunga um 50m breið. Norðan við hana er vegur og norðan við hann er íbúðabyggð. Fiskreiturinn hefur horfið undir hana.

Hættumat: Hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Ö-Hafnarfjörður, 125; Ö-Álfaneshreppur, 125.

GK-180:018 Ingveldarreitur fiskireitur 64°04.602 N 021°58.323 V

“Fiskireitur hærra nokkuð og norðar en Dísureitur.” segir í örnefnalýsingu. Kenndur við Ingveldi Bjarnadóttir ljósmyndara. Einnig kallaður Háreitur.

Þessi reitur er einnig horfinn undir íbúðabyggðina norðaustan við Eyrartjörn.

Hættumat: Hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Ö-Hafnarfjörður, 126.

GK-180:019

vegur

64°04.549 N 021°58.258 V

Vegur sem að hluta til er hlaðinn upp sitthvoru megin með hraungrýti, með smásteinum og mold á milli, er sunnan við Sævang 33 og liggur yfir hraunið að Eyrarhrauni (180:015).

Hættumat: Hætta vegna ábúðar.

GK-180:020

tóft

64°04.660 N 021°58.435 V

Um 10m norðan við Eyrabraunstjörn og Tjarnarbryggju (180:016) er tóft í lægð í hrauninu. Hún er hlaðin úr torfi, hálfkúlulaga. Dyr snúa í austur og er tréhurð í þeim.

Hættumat: Hætta vegna ábúðar.

GK-180:021

tóft

64°04.585 N 021°58.382 V

Um 20m austan við 185:078 (austan við Herjólfsgötu) er tóft í lægð í hrauninu. Hlaðin úr torfi, hálfkúlulaga. Dyr snúa í austur og er tréhurð í þeim.

Hættumat: Hætta vegna ábúðar.

GK-185 Garðar

Hafnarfjörður á 16 ha þríhyrning úr landi Garða, frá gömlu marklínunni í átt að Álfanesvegi, þar sem nú er hluti ad Norðurbænum í Hafnarfirði. Görðum tilheyrir landið sjávarmegin við Hafnarfjarðarveg inn að Arnarneslæk sem ræður til sjávar. Ö-Garðahverfi, 2. Er Hafnarfjarðarkaupstaður var stofnaður 1907 voru honum ákveðin norðurmörk “Úr sjó utanvert við Balatún, sjónhending eftir takmörkum Hafnarfjarðarhrauns og Dysjamýrar, þar til kemur á hinn forna veg frá Görðum til Reykjavíkur. Eftir þeim vegi í Engidal. Þaðan eftir nyrðri brún Hafnarfjarðarhrauns, þar til kemur á móts við austurhorn Hraunholtstúns ...” (ÁG Saga Hafnarfjarðar I, 101). Land þetta tilheyrið þó Garðastað eftir sem áður en 1912 keypti Hafnarfjarðarkaupstaður það mestallt og heimilaði Alþingi það mð lögum nr. 12, 22.10.1912 með þessum merkjum: “Bein lína úr Balaklöpp við vesturenda Skerseyrarmalar í vegginn frá Hafnarfirði til Reykjavíkur, þar sem hann fer að fara lækkandi frá norðurbrún hraunsins. Þaðan bein lína í Hádegishól, hádegismark frá Hraunsholti, nálægtí hásuður frá bænum,

spölkorn frá hraunjaðrinum..." Hamarskotstún var eftir sem áður eign Garðastaðar (ÁG Saga Hafnarfjarðar I, 102-104).


1703: "Úthagar nálægt heimastaðnum eru bæði þróngvir og snögglendir." JÁM III, 181.

GK-185:010 Skerseyri

Bæjarstæði 64°04.720 N 021°58.546 V

1703 segir um Skerseyri
"Hjáleiga í Garðastaðarlandi
hjer um XX ára gömul" og
hefur þetta býli samkvæmt því
fyrst byggst eftir 1680 – JÁM
X, 178-179. 2 heimili með 6
og 2 mönnum voru á
Skerseyri 1801 en 1816 var
þar aðeins eitt heimili með 4
mönnum. Skerseyri er talin
meðal býla í sóknarlýsingu frá
1842 – SSGK, 206.

Samkvæmt manntali 1845
voru enn 4 til heimilis á
Skerseyri. Samkvæmt
manntali 1901 bjuggu 5
heimilismenn þar. Haustið
1902 var Skerseyri í eyði en
byggðist þó aftur skömmu
síðar. "Skerseyrartún: Næsta
býli við L[itlu]-Langeyri. Þar
var kýrgras eitt sinn og býlið



hjáleiga frá Görðum. Skerseyrartúngarður. Hann lá um túnið. En við sjó horfinn í
Mölinu." segir í örnefnalýsingu.

Hús með torfþaki stendur rétt við ströndina byggt inn í hól. Upphlaðin leið liggar meðfram suð-vestur hlið. Húsið er tvískipt og eru á því tveir inngangar sem snúa í suð-austur. Framhlið er úr við, norð-austur og norð-vestur hlið eru klappir og suð-vestur hliðin er hlaðin úr grjóti. Þetta er ekki bæjarhús en er trúlega tengd búskap. Ekki að sjá neitt á svæðinu sem gæti verið bústaður.

Hættumat: Hætta vegna ábúðar.

Heimildir: JÁM III, 178-179; SS: Saga Hafnarfjarðar, 408; SSGK, 206. JJ 1847, 92; Ö-Hafnarfjörður, 127; MS: Bær í byrjun aldar, 115.

GK-185:012 *Litla-Langeyri/Brúsastaðir* býli 64°04.689 N 021°58.691 V

Í manntali frá 1801 er Litla Langeyri talin milli Skerseyrar og Stóru-Langeryrar og vor þar þá tvö heimili með 4 og 2 mönnum. Í sóknarlýsingu frá 1842 er Litla-Langeyri talin meðal býla á svæðinu milli Fiskakletts og Skerseyrar.

“L[itla]-Langeyratún: Tún býlis er þarna stóð. Síðar Brúsastaðir. L[itlu]-Langeyrartúngegarður: Garður af grjóti kringum býlið. L[itlu]-Langeyrarbrunnur: Brunnur í laut sunnan við Bæinn. Aðeins á Fjöru. ... Brúsastaðatún: 1890 var grafið í gömlu bæjarústírnar og kom upp brot af leirbrúsa. Þar af kom nafnið.” segir í örnefnlýsingu Álfstaneshrepps. 1901 voru 5 heimilismenn á Brúsastöðum en fyrir aldamótin hafði þurrabúðin verið í eyði um skeið.

Tvö hús standa bæjarstæðinu og er mikið af grjóthlöðnum görðum umhverfis, flestir nýlegir en hugsanlegt er að sumir séu leifar af túngörðum frá 19. öld.

Hættumat: Hætta vegna ábúðar.

Heimildir: SSGK, 206; SS: Saga Hafnarfjarðar, 408; Ö-Hafnarfjörður, 126. Ö-Álfstaneshreppur, 126.

GK-185:014

Draugur 64°04.633 N 021°58.692 V

“Fram af Brúsastöðum [012], fram í sjó, eru háir hraundrangar, sem heita Stifnishólar.”

“Par var kveðinn niður draugur um aldamótin 1800.”

Stifnishólar eru rétt sunnan við Brúsastaði.

Hættumat: Hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Ö-Hafnarfjörður AG, 6; Ö-Álfstaneshreppur, 126.

GK-185:015 Skerseyrarvör lending 64°04.747 N 021°58.950 V

“Þegar kemur vestur fyrir Stifnishóla [014], er Skerseyrarmöl, og í henni er Skerseyrarvör.” – “Skerseyrarvör. Hún var þarna í fjörunni á sinni tíð. Niðurlögð [1964].”

Þar sem vörin hefur verið er hlaðin og steypt varða.

Hættumat: Hætta vegna ábuðar.

Heimildir: Ö-Hafnarfjörður AG, 6; Ö-Álfstaneshreppur, 127.

GK-185:021 Hvíluhóll áfangastaður

“Þaðan [018] er bein lína í Hvíluhól, en sá hóll er fast norðaustan við Garðaveginn til Hafnarfjarðar. Á Hvíluhól lögðu menn af sér byrgði á leið til og frá Hafnarfirði.”

Mikið rask hefur verið á þessu svæði og er hóllinn horfinn.

Hættumat: Hætta vegna ábuðar.

Heimildir: Ö-Garðahverfi, 2.

GK-185:022 landamerkjavarða

“Þaðan [018] er bein lína í Hvíluhól, en sá hóll er fast norðaustan við Garðaveginn til Hafnarfjarðar. Á Hvíluhól lögðu menn af sér byrgðir á leið til og frá Hafnarfirði. Úr vörðu á Hvíluhól er svo línan í vörðu á hraunbrún sunnan við Engidal.”

Mikið rask hefur verið á þessu svæði og er hóllinn með vörðunni horfinn.

Heimildir: Ö-Garðahverfi, 2.

GK-185:069 Markvarða 4 landamerkjavarða

“Stóð ofanvert við Árnagerði.” “Svo var svæðið nefnt frá Garðaveginum allt upp að Hellisgerði. Árni Hildibrandsson ræktaði það um 1866.”

Mikill hluti af þessu svæði er byggt upp. Ekkert sést og því ekki hægt að staðsetja nákvæmlega, en líklegast er að varðan hafi staðið á svæðinu frá Sævangi 18 að enda Klettagötu.

Hættumat: Hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Ö-Hafnarfjörður, 128; Ö-Álfaneshreppur, 118.

GK-185:073

tóft

64°04.580 N 021°58.705 V

Tóft er við sjávarmál um 50m suður af Brúsastöðum. Hún er byggð utan í klappir alveg við sjóinn. Hlaðin úr grjóti og að hluta styrkt með sementi.

Hættumat: Hætta vegna ábúðar.




GK-185:074

tóft

64°04.720 N 021°58.723 V

Tóft er í lægð í hrauninu, um 400m vestur frá Brúsastöðum (185:12), 100m frá sjó. Byggð að hluta inn í hól.

Hættumat:
Hætta vegna ábúðar.

**GK-185:075**

gata

64°04.709 N 021°58.754 V

Gata liggur til austurs frá 185:074, yfir hraunið. Að hluta byggð upp úr hraungrýti.

Hættumat: Hætta vegna ábúðar.

GK-185:078

húsgrunnar

64°04.660 N 021°58.435 V

Þrír steyptir grunnar, trúlega braggar, eru sithvoru megin við Herjólfsgötu, sunnan við þar sem hún mætir Garðavegi og Herjólfssbraut. Á hæð, um 500m frá sjó. Hver grunnur um sig er um 14x35m, með steyptum veggjum 0,5-2m á hæð. Snúa allir norður-suður og hafa innganga á báðum endum. Búið er að setja upp körfuboltakörfur á mið grunninn.

Hættumat: Hætta vegna ábúðar.

GK-185:079

hvalstöð

64°04.618 N 021°58.551 V

“Pegar komið er yfir Gönguklif, taka við Langeyrarmalir, og þar vestar er Rauðsnefstangi. Þar var eitt sinn hvalstöð, en lagðist niður vegna þess, að þar kom fyrir

slys.” segir í örnefnalýsingu.

Rauðsnefstangi er mjög óslétt hraungrýtt svæði. Þar eru tvær litlar tjarnir, um 20 m frá sjó. A.m.k 7 litlar (3x5m) grjóthlaðnar tóftir eru á þessum stað, og grjóthlaðnir garðar á milli. Ein tóft stendur enn með þaki og timburstöðum.

Hættumat: Hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Ö-Hafnarfjörður AG, 5-6.

GK-185:080 *Hammershús*

Bæjarstæði 64°04.618 N 021°58.551 V

“Hammershússlóð: Hún lá sunnan við Rauðsnef undir húsi sem Hvalfangarinn norski Hammer reisti þarna um 1860. Hér átti að verða Hvalstöð, en hætt var við það.”

Þetta hús hefur verið á sama svæði og 079 eða heldur sunnar. Enginn húsgrunnur er þó þar.

Hættumat: Hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Ö-Hafnarfjörður, 126.

GK-185:081 *Litla-Langeyrarvör/Brússtastaðavör* lending

“L-Langeyrarvör. ... vestan við Stifnishóla.” segir í örnefnalýsingu.

Hættumat: Hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Ö-Hafnarfjörður, 126

GK-185:082 *Allans-reitur*

fiskreitur 64°04.709 N 021°58.465

“Langstærsti fiskreiturinn [sem Hellyer bræður létu gera eftir að þeir keyptu Svendborg 1924 og hófu útgerð frá Hafnarfirði] var Allans-reiturinn, sem svo var nefndur, en hann var kenndur við Allen majór, framkvæmdastjóra Hellyers-bræðra í Hafnarfirði. Allans-reiturinn var þar, sem nú er Hrafnista, dvalarheimili aldraðra sjómanna í Hafnarfirði.”

Um 100m. austur af suð-austur horni Hrafnistu eru leifar af fiskreit (60m langur, liggur norður-suður) og hefur nyðri hluti hans lent undir aðkeyrslu að Hrafnistu. Reiturinn liggur ofan á lágum hraunhlólum, en sunnan við hann og um 2m. neðar ganga tveir garðar (eða leifar af görðum) til suðurs og er grunn dokk á milli ca. 50x20m.

Hættumat: Hætta vegna ábúðar.

Heimild: ÁG Saga Hafnarfjarðar, 270. Ljósmynd af reitnum er í sömu bók, s. 272.

Samantekt

Alls voru 34 minjastaðir skráðir á svæðinu milli Langeyrar og Skerseyrar. Þar af sjást nú minjar á 14 stöðum en á flestum hinna hafa mannvistarleifar horfið vegna bygginga eða rasks. Í nokkrum tilfellum var ekki hægt að skilgreina staðsetningu minjastaða með nákvæmni og eru þannig svæði merkt með skyggini á meðfylgjandi korti.

Þó að mannvistarleifar sjáist ekki lengur þarf það ekki að þýða að þær séu algerlega horfnar. Leifar geta leynst udir byggingum, vesarstæðum og uppfyllingum og er því nauðsynlegt að fara með gát á þeim svæðum sem vitað er að forn mannvirki hafi staðið ef ráðist er í framkvæmdir.

Flestir minjarnar á þessu svæði eru tengdar búskap (8), þ.e. bæjarstæði eða önnur mannvirki tengd landbúnaði og útgerð (8). Á svæðinu eru 6 samgönguminjar, 2 þjóðsögustaðir og 5 staðir tengdir öðru (landamerki, verslun, stríðsminjar). Einnig eru 5 tóftir sem engar heimildir eru um, en líklegast er að tengist annaðhvort búskap eða útgerð. Allmikið er um grjóthlaðna garða í hrauninu á þessu svæði, einkum umhverfis Langeyri, Eyrarharun og Brúsastaði. Þó að sumar þessar hleðslur séu greinilega nýlegar (umhverfis lóðir og til að skýla trjágróðri) þá er nauðsynlegt að hafa í huga að sumar þeirra gætu verið leifar túngarða eða annara eldri garða.

Allar fornleifar á Íslandi eru friðaðar og þeim má ekki raska né spilla. Þegar hafa flestar fornleifar á skráningarsvæðinu verið skemmdar og er mikilvægt að sú þróun verði stöðvaðar. Þær fornleifar sem eftir eru, eru fæstar mjög gamlar eða sérstakar en þær eru hinsvegar fulltrúar horfnnar menningar og heimildir um sögu Hafnarfjarðar sem nauðsynlegt er að varðveita. Þó að lítið sé nú að sjá á hinum gömlu bæjarstæðum á skráningarsvæðinu, Gönguhóli, Langeyri, Eyrarhrauni, Brúsastöðum og Skerseyri er þar mjög líklega að finna í jörðu vísbendingar um forsögu Hafnarfjarðar á 17. og 18. öld og er nauðsynlegt að varðveita þann heimildaforða fyrir komandi kynslóðir.

Heimildaskrá

JÁM: *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín 1-11, Kh. 1913-43; 12-13 Rv. 1990.*

JJ: J. Johnsen: *Jarðatal á Íslandi*, Kaupmannahöfn 1847.

MJ: Magnús Jónsson. 1970. *Bær í byrjun aldar.* 2. útgáfa. (Höfundur gaf út: Hafnarfjörður).

Manntal á Íslandi 1801. Suðuramt, Rv. 1978.

Manntal á Íslandi 1816, Ak. 1947

Manntal á Íslandi 1845. Suðuramt, Rv. 1982.

SS: Sigurður Skúlason. 1933. *Saga Hafnarfjarðar.* (Bæjarsjóður Hafnarfjarðar: Hafnarfjörður).

SSGK: *Sýslulýsingar og sóknarlýsingar*, (Landnám Ingólfss. Safn til sögu þess III) Rv. 1937-39

Ö-Álftaneshreppur: Skrá yfri örnefni og fiskimiðin í Álftaneshreppi hinum forna: Bessastaðahreppi, Garðahreppi, Hafnarfirði og Hraunum. Samantekin af Gísla Sigurðsnyi 1964, Hafnarfirði.

Ö-Garðahverfi: Örnefnaskrá Garðahverfis. Kristján Eiríksson skráði 1976-77.
Örnefnastofnun.

Ö-Hafnarfjörður: Örnefnaskrá Hafnarfjarðar. Gísli Sigurðsson og Ari Gíslason skráðu.
Örnefnastofnun.